

1. Útlit og heilbrigði hrossa á kynbótasýningum.

Hluti af mati kynbótahrossa á kynbótasýningum er skoðun á últiti og heilbrigði. Samhliða mælingum hrossanna fyrir sköpulagsdóma skoða sýningarstjórar útlit, holdafar, munn og fætur. Hrossin skulu vera heilbrigð, ósár, í góðu fóðurástandi, vel hirt og járnud. Standist hrossið ekki kröfur varðandi þessi aðgangsskilyrði að kynbótadómnum er því vísað frá sýningu. Formaður dómnefndar er kvaddur til samráðs við sýningarstjóra ef þurfa þykir.

Ástæður fyrir því að vísa hrossi frá sýningu

- Óviðunandi holdafar, lægra en 2,5 eða hærra en 4,0 í holdastigun.
- Áberandi hósti og/eða kvef.
- Helti, bólga og eymsli í sinum eða liðum, aumir hófar.
- Ágrip í gegnum húð (stærri en 1 cm).
- Áberandi sár á húð og umfangsmikið, aumt múkk.
- Sár í gegnum slímhúð kinna og munnvika (stærri en 1 cm).
- Sár í slímhúð á tannlausa bilinu (stærri en 0,5 cm).
- Minni sár í slímhúð yfir kjálkabeini samfara bólgu í eða yfir beininu.

Sé hrossi vísað frá sýningu er ekki um endurgreiðslu á sýningargjaldi að ræða.

Lýsing á stigun athugasemda eftir reiðdóm

1. stigs athugasemdir.

Minniháttar særindi. Athugasemd er skráð í WorldFeng.

- Særindi sem ná ekki í gegnum slímhúð í kinnum, munnvikum eða tungu.
- Særindi, rispur eða nudd á húð undan beislisbúnaði.
- Lítilettar blóð í munni án sjáanlegra áverka.
- Minniháttar strokur, stig eða ágrip á fótum sem ná ekki í gegnum húð og eru án eymsla eða bólgu.

2. stigs athugasemdir.

Særindi. Athugasemd skráð í Worldfeng.

- Lítilett sár, allt að 1 cm, sem ná í gegnum slímhúð í kinnum, munnvikum eða tungu.
- Særindi (sem ná ekki í gegnum slímhúð) eða afmörkuð þykknun í slímhúð á tannlausa bilinu.
- Sár, allt að 1 cm, á húð undan beislisbúnaði.
- Væg ágrip á fótum: lítilett sár, allt að 1 cm, í gegnum húð en án eymsla og/eða bólgu.

3. stigs athugasemdir.

Áverki talsverður eða mikill og er skráður í WorldFeng. Reiðdómur fellur niður og hross hlýtur ekki verðlaun. Áfrýjun á þessu mati sýningarstjóra er ekki möguleg.

- Sár í gegnum slímhúð í kinnum, munnvikum eða tungu, stærri en 1 cm.
- Sár í gegnum slímhúð á tannlausa bilinu.
- Áberandi bólga og/eða eymsli á tannlausa bilinu tengd beinhimnu eða beini.
- Sár, stærri en 1 cm, á húð undan beislisbúnaði.
- Ágrip á fótum sem nær í gegnum húð og er stærri en 1 cm eða ágrip á hæl sem valda greinilegum eymslum.
- Tveir eða fleiri 2. stigs áverkar á fótum.